



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. mars 2020

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um kolefnismerkingu á kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneidis, 265. mál

Samtök mjólkur og kjötvinnslufyrirtækja og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) fengu þingsályktunartillögu um kolefnismerkingu á kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneidis, 265. mál, sent til umsagnar. Með tillögunni er farið fram á að Alþingi álykti að fela sjávar- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að teknar verði upp upprunamerkingar á kjötvörur með skýrari hætti en nú er, þar sem meðal annars komi fram upplýsingar um kolefnisspor vegna flutnings viðkomandi vöru, sem og á garðyrkjuafurðir til manneidis.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að nauðsynlegt sé að bæta merkingar til neytenda á matvælum. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli skulu umbúðir matvæla vera merktar nafni og heimilisfangi framleiðanda matvællanna eða dreifanda þeirra. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymslupól og nettóþyngd eða lagarmál. Þá er ráðherra einnig heimilt að setja nánari ákvæði um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda tók gildi í desember 2014 og var tekin upp í íslenskan rétt á grundvelli samningsins um evrópska efnahagssvæðið árið 2015.

Reglugerðinni er meðal annars ætlað að ábyrgjast rétt neytenda til upplýsinga og að tryggja að neytendur séu upplýstir á viðeigandi hátt um þau matvæli sem þeir neyta. Þá er henni einnig ætlað að vera nægjanlega sveigjanlegt til að unnt sé að uppfæra í takt við kröfur neytenda.

Í febrúar 2019 undirritaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ásamt Samtökum iðnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Neytendasamtökunum og Samtökum verslunar og þjónustu samkomulag tryggja betur rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif matvæla. Í kjölfarið var skipaður samráðshópur með þessum fulltrúum en verkefni hópsins er að ráðast í átaksverkefni um merkingar og hvornig betur megi upplýsa neytendur og fyrirtæki um réttindi og skyldur á skýran og einfaldan hátt, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Er hópnunum ætlað að koma með tillögur um hvornig tryggja eigi betur rétt neytenda um meðal annars, uppruna, lyfjanotkun og umhverfisáhrifa þeirra.

Þá er einnig mikilvægt að líta einnig til þess að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að gengið verði til samstarfs við sauðfjárþændur um kolefnisjöfnun greinarinnar og að unnið verði með öðrum atvinnugreinum að sambærilegum verkefnum. Þá hefur Landssamband kúabænda gefið út að nautgriparækt verði kolefnisjöfnuð á næstu tíu árum. Af þessu má sjá að mörg skref hafa þegar verið tekin í átt að mæta markmiðum um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.



Ljóst er að ein besta leiðin til að minnka losun koltvísýrings út í andrúmsloftið er að framleiðsla matvæla verði næst þeim stað sem þeirra er neytt. Þrátt fyrir það hefur innflutningur á matvælum og drykkjarvörum aukist um tugi þúsunda tonna. Af þeim sjónarmiðum er tekið undir mikilvægi þess að upplýsa neytendur um mikilvægi þess að framleiðsla á hvers kyns matvælum haldist hér á landi, að framleiðsla verði næst þeim stað sem þeirra er neytt. Ítarlegri upplýsingar um hve mikil loftslagsáhrif framleiðsla eða flutningur bæri myndu væri í þessu samhengi vænlegur kostur.

Til að ná fram markmiði með merkingum um kolefnisspor matvæla þyrftu slíkar merkingar að ná jafnt yfir innlendirar framleiðslu og innfluttra matvæla. Alþjóðleg samræming slíkra merkinga er því algjört lykilatriði en ætla má að án þess væru slíkar merkingar einungis til þess fallnar að villa frekar fyrir neytendum varðandi val á umhverfisvænum kosti.

Samtökin telja þann kost heppilegastan að þingsályktunartillagan verði send til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis til skoðunar á vettvangi samráðshóps um betri merkingar matvæla.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

Steinþór Skúlason, formaður

f.h. Samtaka iðnaðarins

Gunnar Sigurðarson
viðskiptastjóri á framleiðslusviði

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2020
UST202002-501/B.S.
04.03

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um kolefnismerkingu á kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneldis, 265. mál.

Vísað er til tölvupósts, dags. 27. febrúar 2020, þar sem nefndasvið Alþingis sendi Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um um kolefnismerkingu á kjötvörur og garðyrkjuafurðir til manneldis, 265. mál, til umsagnar.

Umhverfisstofnun tekur undir að jákvætt væri að neytendur fái í auknum mæli upplýsingar um kolefnisspor matvæla enda virðiskeðja matvæla einn stærsti losunarvaldur gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Mikilvægt er að skilgreina vel umfang og aðferðafræði til að samræmi sé í upplýsingum innan og milli landa. Því er ákjósanlegast að slíkt verkefni sé innleitt á stærra markaðssvæði en á Íslandi eingöngu þar sem stór hluti matvæla sem neytt er hér á landi er innfluttur.


Umhverfisstofnun bendir á að flutningur á matvælum skiptir hlutfallslega litlu máli þegar heildarlosun lífsferils matvæla er skoðuð. Því er ekki hægt að alhæfa að ljóst sé að kolefnisspor kjöts sem flutt er inn frá t.d. Nýja-Sjálandi sé hærra en þess sem framleitt er hérlendis eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni. Þegar kemur að neyslu matvæla er árangursríkast að draga úr kolefnisspori með því að skipta yfir í matvæli með lægra kolefnisspor í framleiðslu. Fæðutegundir eins og korn, ávextir og grænmeti valda minni losun og því er hægt að draga úr kolefnisspori máltíða með viðeigandi aðgerðum, t.d. að skipta út rauðu kjöti sem próteingjafa fyrir fisk, kjúkling eða baunir.

Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun um umhverfisáhrif matvæla í Innkaupastefnu matvæla fyrir ríkisaðila sem gefin var út árið 2019 þar sem finna má frekari heimildir.

Virðingarfyllt



Birgitta Stefánsdóttir
Sérfræðingur



Birgitta Steingrimsdóttir
Sérfræðingur